

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. desember 2020

Mál nr. E-5513/2019:

RST Net ehf.

(Konráð Jónsson lögmaður)

gegn

Eimskipi Íslandi ehf.

(Eleonora Bergþórsdóttir lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 3. desember 2020, var höfðað með stefnu birtri 8. október 2019. Stefnandi er RST Net ehf., Álfhelli 6, Hafnarfirði, en stefndi er Eimskipi Íslandi ehf., Korngörðum 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi greiði stefnanda 10.313.970 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. mars 2019 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá krefst stefndi greiðslu málskostnaðar.

I

1

Atvik málsins eru þau að stefndi hélt lokað útboð í desember 2018 vegna gerðar gámasvæðis, 11 kV háspennubúnaðar og tenginga á athafnasvæði stefnda við Sundahöfn í Reykjavík. Þremur fyrirtækjum var gefinn kostur á að taka þátt í útboðinu, en auk stefnanda voru það félögin Orkuvirki ehf. og Rafal ehf.

Stefnandi var lögstjóðandi í verkið með boð upp á 55.707.721 krónu. Boð Orkuvirkis ehf. hljóðaði upp á 57.000.000 og boð Rafals ehf. upp á 61.562.228 krónur.

Þann 29. janúar 2019, tilkynnti verkfræðistofan Efla ehf., sem var umsjónaraðili útboðsins, að stefndi hefði ákveðið að taka tilboði Orkuvirkis ehf. Kom fram í tilkynningunni að tilboð stefnanda, sem hefði verið lægst, væri byggt á stærri háspennuskápum og það hefði í för með sér að reisa þyrfti 25 fermetrum stærri spennistöð en ella. Tilboð Orkuvirkis ehf. væri af þeim sökum hagstæðara fyrir stefnda.

Með tölvuskeyti, dags. 30. janúar 2019, mótmælti stefnandi því að gengið yrði til samninga við annan aðila en lögstjóðanda, með vísan til greinar 0.4.9 í útboðsgögnum þar sem stefndi hefði skuldbundið sig til að taka lægsta tilboði. Í svari Eflu ehf. til

stefnanda, hinn 31. janúar 2019, er vísað til útboðsgagna, greinar 0.3.1, þar sem fram komi grunnmyndir og sniðmyndir af þeirri byggingu sem ætlað sé að hýsa búnaðinn. Kom fram í svarinu að þar sem sá búnaður sem stefnandi byði upp á myndi fyrirsjáanlega ekki komast fyrir í byggingunni gæti tilboð hans vart talist uppfylla tæknilegar kröfur útboðsins.

Með bréfi, dags. 7. febrúar 2019, krafðist stefnandi þess að stefndi gengi til samninga við hann, en til vara að greiddar yrðu bætur sem næmu hagnaðarmissi vegna verkefnisins og kostnaði við tilboðsgerð. Með bréfi, dags. 18. febrúar 2019, hafnaði stefndi kröfunum.

2

Samkvæmt grein 0.1.6 „Yfirlit um verkið“ í útboðs- og samningsskilmálum stefnda, sem gefnir voru út í desember 2018, óskaði stefndi eftir tilboðum í útvegum 11 kV háspennubúnaðar og tenginga. Tók útboðið nánar tilgreint til innkaupa og vinnu við uppsetningu á 11 kV aflrofa, dreifiskápum (einnig nefndir háspennuskápar eða aflrofaskápar) og dreifispennum í nýju húsnæði dreifistöðva sem byggðar yrðu á svæðinu, og svo tengingu 11 kV háspennustrengja. Var gert ráð fyrir að verktaki tæki við byggingunum uppsteyptum og frágengnum með inntaksgötum fyrir 11 kV strengi.

Samkvæmt grein 0.1.1 í útboðs- og samningsskilmálum bar að framkvæma verkið í samræmi við útboðsgögn eins og þeim var lýst í grein „0.3.1 Útboðsgögn“. Í grein 0.3.1 kom fram að til útboðsgagna teldust útboðs- og samningsskilmálar, verklýsing, útboðsteikningar og teikningaskrá, staðall ÍST 30:2012 og aðrir staðlar og gögn sem vísað var til í gögnunum.

Í grein 0.3.4 í útboðsskilmálunum kom fram að verktaki væri ábyrgur fyrir því að verkið væri unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og staðla og aðrar leiðbeiningar sem ættu við um verkið. Um verkið giltu öll almenn lög og reglugerðir án þess að til þeirra væri vísað sérstaklega í gögnum þess. Að auki giltu sértækar reglur í því umfangi sem gögn verksins vísuðu til.

Í grein 0.11 „Teikningaskrá“ segir svo:

Teikningar sem fylgja útboðsgögnum eru til upplýsinga fyrir bjóðendur til að glöggva sig betur á verkinu í heild sinni og einstökum verkþáttum þess. Ekki er heimilt að vinna verkið á grunni útboðsteikninga. Teikningar til notkunar í verkinu verða afhentar á pappírformi við upphaf verks af fulltrúa verkkaupa sem starfar á vegum verkkaupa.

Í greininni voru síðan taldar upp þær teikningar sem fylgdu verkinu. Þær teikningar sem fylgdu með útboðsgögnum voru þær sömu og verkið var unnið eftir og er óumdeilt að engar breytingar voru gerðar á teikningunum sem máli skipta.

Búnaður sá sem stefnandi bauð til notkunar í verkið komst ekki fyrir í þeirri byggingu sem ráðgert var að byggja fyrir búnaðinn samkvæmt fyrirbyggjandi teikningum, eins og fram kemur á teikningu auðkenndri A-101-Spennistöð Gámavellir 2, á bls. 80 í útboðsgögnum. Samkvæmt teikningunni var breidd þess rýmis sem ætlað var fyrir dreifiskápana um 8200 mm að virtum útveggjum. Skápar sem stefnandi bauð voru 850 mm hver og komust því ekki fyrir í rýminu miðað við fyrirbyggjandi teikningar. Þá liggur fyrir að þeir voru einnig of háir miðað við teikningar.

Í grein 0.4.9 í útboðsgögnum er mælt fyrir um val á samningsaðila. Þar segir svo:

Verkkaupi mun taka lægsta tilboði sem uppfyllir tæknilegar kröfur eða hafna öllum.

Til að koma til álita við mat tilboðs skal bjóðandi uppfylla allar kröfur, sbr. það sem fram kemur í kafla „0.1.3 Kröfur til bjóðenda“.

Síðan segir svo:

Sé það mat verkkaupa að verktaki sé ekki fær um að uppfylla samningsskyldur með hliðsjón af gögnum útboðs gerir hann grein fyrir því með skýrum rökstuðningi. [...]

Í grein 0.4.10 í útboðsskilmálunum var tekið fram að ekki yrði greitt fyrir gerð tilboðs.

II

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að þar sem hann hafi verið með hagstæðasta tilboðið, sem hafi uppfyllt allar kröfur útboðsins, hafi stefnda verið skylt að taka tilboði hans. Stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sem nemi hagnaði þeim sem hann hefði haft af verkinu ef samið hefði verið við hann, sem og vinnu við að útbúa tilboð í það.

Stefnandi vísar til 1. mgr. 14. gr. laga nr. 65/1993, um framkvæmd útboða. Þegar um lokað útboð sé að ræða sé kaupanda einungis heimilt að taka hagstæðasta tilboðinu eða hafna þeim öllum. Í 16. gr. laganna komi fram að samanburður á tilboðum og ákvörðun um hvaða tilboði skuli tekið eða við hvern bjóðenda skuli samið skuli fara fram á grundvelli útboðsskilmála. Samkvæmt 20. gr. laganna leiði brot á lögnum til bótaábyrgðar samkvæmt almennum reglum, jafnframt því sem útbúið í heild sinni sé

lýst ógilt. Bótafjárhæð beri að miða við kostnað við að undirbúa tilboð og taka þátt í útboði. Þá leiði reglur skaðabótaréttar og dómvenja til þess að missir hagnaðar skuli bættur.

Stefnandi byggir á því að ákvörðun um að taka ekki tilboði hans hafi verið ólögmat og að orsakatengsl hafi verið milli hennar og tjóns stefnanda.

Stefnandi byggir á því að tilboð stefnanda hafi verið í fullu samræmi við útboðsskilmála. Kröfur útboðsins hafi verið þær að straumþol háspennuteina í skápum hafi ekki mátt vera undir 2500 amperum, en ekkert komi fram um hámarksstærð skápa í útboðsgögnum.

Stefnandi hafnar því að teikningar sem tilgreindar voru í grein 0.3.1 í útboðsgögnum hafi átt að sýna tæknilegar kröfur útboðsins, þar sem það komi skýrt fram í grein 0.11 að óheimilt sé að vinna verkið á grundvelli þessara teikninga. Hvergi komi fram í útboðsgögnum að vinna eigi eftir þessari teikningu, heldur þvert á móti skýrt tekið fram að ekki skuli unnið eftir teikningunni. Hér sé ekki um að ræða misræmi á milli bindandi ákvæða útboðsskilmála, og því ekki tilefni fyrir stefnanda til að spyrja nánar út í þetta eða fara fram á skýringar. Hafi verið um mistök að ræða beri stefndi ábyrgð á þeim, enda hefði hann getað komið í veg fyrir misskilning með því að kveða á um hámarksstærð skápa í útboðsskilmálunum.

Telur stefnandi með vísan til framangreinds að stefndi hafi brotið gegn 16. gr. laga nr. 65/1993.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að tilboð stefnanda hafi ekki verið hagstæðasta tilboðið í útboði stefnda. Þá byggir stefndi á því að tilboð stefnanda hafi ekki uppfyllt tæknilegar kröfur útboðsgagna og verið í ósamræmi við útboðsgögn.

Stefndi vísar til 14. gr. laga nr. 65/1993. Þegar um sé að ræða lokað útboð samkvæmt lögnum sé kaupanda einungis heimilt að taka hagstæðasta tilboði eða hafna þeim öllum. Miðað sé við hagstæðasta tilboð út frá hagsmunum og þörfum kaupanda. Sé hagstæðasta tilboð ekki jafnframt það lægsta beri kaupanda að senda bjóðendum sem eiga lægri tilboð greinargerð með rökstuðningi fyrir vali á tilboði eins fljótt og mögulegt er. Þá vísar stefndi til greinar 2.7.3 í íslenskum staðli ÍST 30:2012 um sambærilegt ákvæði en staðallinn var hluti útboðsgagna, sbr. gr. 0.3.1 í útboðsskilmálum. Þá vísar stefndi til greinar 0.4.9 í útboðsskilmálum þar sem komi fram að verkkaupi muni taka lægsta tilboði sem uppfylli tæknilegar kröfur útboðsins eða hafna öllum.

Stefndi byggir á því að tilboð stefnanda hafi ekki uppfyllt tæknilegar kröfur útboðsgagna samkvæmt þeim teikningum sem lágu fyrir þar sem þeir dreifiskápar sem lýst var í tilboði stefnanda komust ekki fyrir í annarri þeirra bygginga sem ráðgert var að byggja fyrir búnaðinn samkvæmt teikningunum. Hafi þetta verið augljóst þar sem

búnaður stefnanda hafi hvorki komist inn á grunnmyndina né sniðmyndina í teikningu auðkenndri A-101 – Spennistöð Gámavellir 2, á bls. 80 í útboðsgögnum. Á myndinni sjáist t.d. að breidd þess rýmis sem ætlað var fyrir dreifiskápana (merkt 11 kV dreifing á rauðu svæði á myndinni) er um 8200 mm að virtum útveggjum. 11 stk. af dreifiskápum í breiddinni 850 mm hver hafi því augljóslega ekki komist fyrir í rýminu. Þá hafi skápar stefnanda verið of háir fyrir það rými sem sniðmyndirnar gáfu til kynna, sbr. nánari teikningu sem lögð var fram af stefnda og sýnir stækkun byggingarinnar Gámavellir 2 miðað við tilboð stefnanda.

Þá hafi tilboð stefnanda ekki heldur verið það hagstæðasta miðað við kröfur útboðsgagna. Stefndi hefði þurft að byggja um 25 m² stærra húsnæði að grunnfleti fyrir Gámavelli 2 en gert var ráð fyrir samkvæmt útboðsgögnum til að koma öllum búnaði stefnanda fyrir í byggingunni, hækka bygginguna og breyta uppröðun búnaðar svo skáparnir kæmust fyrir, m.a. færa til spenna þar sem svæðið hefði orðið of lítið frá skápunum til spennanna. Hefði þetta leitt til verulegs aukins kostnaðar fyrir stefnda en hann telji að áætlaður aukinn kostnaður vegna stærrí byggingar nemi níu milljónum króna án virðisaukaskatts.

Stefndi vísar til 12. gr. laga nr. 65/1993, þar sem mælt er fyrir um að tilboði sem sé í verulegum atriðum í ósamræmi við útboðsskilmála skuli eigi tekið, sbr. einnig grein 2.7.1 í ÍST 30:2012.

Stefndi hafnar málsástæðu stefnanda þess efnis að *ekki sé heimilt að vinna verkið á grunni útboðsteikninga*. Í grein 0.11 í útboðsskilmálunum sé eingöngu um að ræða fyrirvara frá AVH ehf. Arkitektúr – Verkfræði – Hönnun þess efnis að ekki sé um lokaútgáfu teikninganna að ræða. Verklegar framkvæmdir séu unnar á grundvelli endanlegra verkeikninga, en ekki teikninga á vinnslustigi sem jafnan fylgi útboðsgögnum. Þessi fyrirvari hafi ekki þýtt annað, enda hafi stærð bygginganna ekki breyst frá útboðsteikningum til lokaútgáfu. Þegar grein 0.11 sé lesin í heild megi sjá að þar sé tekið fram að teikningar í útboðsgögnum séu til upplýsingar fyrir bjóðendur til að glöggva sig betur á verkinu í heild sinni og einstökum verkþáttum þess. Þá segir í greininni að ekki sé heimilt að vinna verkið á grunni útboðsteikninga en teikningar til notkunar í verkinu verði afhentar á pappíriformi við upphaf verksins. Svo eru taldar upp þær teikningar sem fylgja gögnum verksins. Mátti bjóðendum því vera alveg ljóst að taka ætti mið af teikningum við tilboðsgerðina, að þar kæmu fram tæknilegar kröfur til búnaðar og að stærð boðinna dreifiskápa takmarkaðist af því rými sem teikningarnar gáfu til kynna. Stefndi bendir á grein 2.2.1 í ÍST 30:2012 um að verkkaupi skuli láta væntanlegum bjóðendum í té útboðsgögn sem geymi upplýsingar um allt það sem máli skiptir við gerð tilboðs. Til þeirra teljist m.a., samkvæmt c-lið greinarinnar, upprættir eða upplýsingalíkon af verkinu í heild og einstökum hlutum þess, nægilega glöggar til þess að tilboð verði gert í verkið samkvæmt þeim og verklýsingu. Auk þess barst

ábending á fyrirspurnatíma útboðsins um misritun í kafla 3.2 í útboðsskilmálum þar sem fjallað var um fjölda skápa og vagna. Í svari til bjóðenda vegna ábendingarinnar, dags. 8. janúar 2019, var sérstaklega vísað til einlínummyndar í útboðsgögnum sem gæfi réttar upplýsingar um atriðið og staðfesti fulltrúi stefnanda að hafa mótttekið upplýsingarnar, sbr. tölvuskeyti, dags. 8. janúar 2019.

Til viðbótar við framangreint bendir stefndi á að þegar útboðsskilmálarnir eru lesnir komi víða fram að miða skuli við teikningarnar varðandi þann búnað sem boðinn er út, sbr. greinar 0.1.1, 0.3.1, 0.1.6, 0.3.3, 0.4.1, 0.8.7, 0.12.1 og 1.1.1. Þá vísar stefndi til greinar 1.1.2 þar sem fram komi að verkið skuli vinna *samkvæmt teikningum og þessari verklýsingu* og greinar 1.2.1 þar sem segi að þegar verkið hefjist verði dreifistöðvar fullbyggðar og tilbúnar fyrir uppsetningu 11 kV aflrofaskápa og 11/0,4 kV spenna. Þá sé í grein 5.2 einnig að finna umfjöllun um skápana. Þar komi t.d. fram að þeim verði komið fyrir ofan á strengjagryfju 0,5 m frá útvegg þannig að aðgengi aftan að skápum verði tryggt. Í teikningu auðkenndri A-101 – Spennistöð Gámavellir 2 megi sjá að þessi mælikvarði er sérstaklega merktur inn á teikninguna. Í skilmálunum sé hins vegar hvergi gert ráð fyrir breytingum á teikningum. Samkvæmt framangreindu gat stefnanda ekki dulist að teikningarnar og þær forsendur sem þar voru settar fram hefðu grundvallarþýðingu fyrir verkið og fælu í sér tiltekna tæknilegar kröfur til boðins búnaðar. Með vísan til þess sé því mótmælt að stefnandi hafi ekki mátt ráða hámarksstærð skápanna út frá útboðsgögnum. Í því sambandi verði einnig að líta til þess að stefnandi er sérhæft þjónustufyrirtæki í raforkuiðnaði og er það eðlileg krafa að hann sé fær um að lesa í útboðsgögn er lúti að verkum á því sviði.

Í grein 0.3.2 í útboðsskilmálum kemur fram að bjóðandi geti óskað eftir nánari upplýsingum eða skýringum á útboðsgögnum sem geti haft áhrif á tilbóðsinnihald og tilbóðsfjárhæð bjóðanda. Þá geti bjóðandi sent fyrirspurn ef hann verður var við ósamræmi í útboðsgögnum. Stefndi sendi engar slíkar fyrirspurnir og gaf sér ranglega ákveðna hluti varðandi teikningarnar. Stefndi verði að bera hallann af því. Stefndi hefði hins vegar verið í lófa lagið að senda slíkar fyrirspurnir ef hann stóð í þeirri meiningu að teikningarnar ættu ekki að hafa þýðingu fyrir verkið. Í grein 0.6.4 í skilmálunum komi einnig fram að ef ósamræmi á milli uppdráttu og lýsinga kemur í ljós skuli verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa það til úrlausnar. Það gerði stefndi heldur ekki.

Þá mótmælir stefndi því að hafa breytt tæknilegum kröfum um straumþol háspennuteina og bætt við kröfu um stærð skápa frá því sem fyrir lá í útboðsgögnum við mat á tilbóðum. Í útboðinu hafi legið fyrir teikningar þar sem sjá mátti stærðir þeirra rýma þar sem skáparnar yrðu staðsettir og takmörkuðust stærðir skápanna við stærðir rýmanna. Að lokum hafnar stefndi því alfarið að samanburður tilbóða í útboðinu hafi

ekki farið fram á grundvelli útboðsskilmála og að stefndi hafi brotið 16. gr. laga nr. 65/1993.

Stefndi mótmælir einnig bótakröfu stefnanda vegna meints kostnaðar við tilboðsgerð og hagnaðarmissis.

III

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort stefnda hafi verið heimilt samkvæmt útboðsskilmálum og lögum nr. 65/1993 um framkvæmd útboða að hafna tilboði stefnanda, sem barst í lokuðu útboði stefnda um innkaup og vinnu við uppsetningu á 11 kV aflrofum, dreifiskápum og dreifispennum í nýju húsnæði dreifistöðvar sem byggt var á gámasvæði stefnda. Tveimur öðrum aðilum var boðið að taka þátt í útboðinu og skiluðu þeir báðir gildum tilboðum.

Stefnandi telur að hann hafi verið með hagstæðasta tilboðið og að tilboð hans hafi uppfyllt allar kröfur útboðsins. Stefnda hafi því verið skylt að taka tilboði hans.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að tilboð stefnanda hafi ekki uppfyllt tæknilegar kröfur sem þar voru gerðar og hafi ekki heldur verið það hagstæðasta og þess vegna hafi honum borið að hafna því.

Í grein 0.1.1 í útboðs- og samningsskilmálum um verkið er tekið fram að framkvæma beri verkið í samræmi við útboðsgögn eins og þeim er lýst í grein 0.3.1 með fyrirsögninni „Útboðsgögn“. Á meðal þeirra gagna sem þar er vísað til eru útboðsteikningar og teikningaskrá og staðall ÍST 30:2012. Í grein 0.3.4 í skilmálunum er mælt fyrir um að verktaki sé ábyrgur fyrir því að verkið verði unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og staðla og aðrar leiðbeiningar sem eigi við um verkið. Þá segir í sömu grein að um verkið gildi öll almenn lög og reglugerðir án þess að til þeirra sé vísað sérstaklega í gögnum þess.

Í grein 0.11 er fjallað um teikningaskrá. Þar segir að teikningar sem fylgi útboðsgögnum séu „til upplýsinga“ fyrir bjóðendum. Þá er sérstaklega tekið fram að ekki sé heimilt að „vinna verkið“ á grunni útboðsteikninga og að teikningar til notkunar í verkinu verði afhentar á pappírformi við upphaf verks af fulltrúa sem starfi á vegum verkkaupa. Þá er mælt fyrir um í c-lið greinar 2.2.1 ÍST 30:2012 að verkkaupi skuli láta væntanlegum bjóðendum í té eða vísa á útboðsgögn um allt það sem máli skiptir við gerð tilboðs og að til þeirra teljist m.a. „upprættir eða upplýsingalíkön af verkinu í heild og einstökum hlutum þess, nægilega glöggar til þess að tilboð verði gert í verkið samkvæmt þeim og verklýsingu“.

Dómurinn telur að skýra verði ákvæði útboðs- og samningsskilmála stefnda heildstætt. Eins og gerð er grein fyrir hér að framan kom skýrt fram í skilmálunum að framkvæma bæri verkið í samræmi við útboðsgögn, þar á meðal útboðsteikningar og

teikningaskrá sem fylgdu með útboðsskilmálum, en þar kemur m.a. fram stærð byggingar sem reisa átti undir búnaðinn.

Dómurinn telur að fyrrgreint orðlag greinar 2.2.1 ÍST 30:2012 og greinar 0.11 í útboðsskilmálum skírskoti til þeirrar almennu reglu í verksamningum að áður en framkvæmd verks hefst þá verði afhentar endanlegar verkeikningar sem séu í samræmi við þær teikningar sem lágu fyrir í útboðsgögnum. Telur dómurinn að orðalag þetta hafi ekki með réttu gefið stefnanda tilefni til þess að horfa með öllu fram hjá teikningum sem fylgdu útboðsgögnum, sem eins og fyrr segir voru til upplýsingar fyrir bjóðendur í verkið. Mátti stefnanda, sem er reyndur verktaki, vera ljóst að leggja bæri til grundvallar við tilboðsgerð þær teikningar sem fylgdu útboðsgögnum og að í þeim kæmu fram upplýsingar um tæknilegar kröfur sem lögju til grundvallar útboðinu. Auk þess átti stefnandi þess kost að óska nánari upplýsinga eða skýringa á útboðsgögnum yrði hann var við ósamræmi í þeim, sbr. grein 0.3.2 í útboðsskilmálum stefnda.

Á blaðsíðu 80 í útboðs- og verklýsingu stefnda, sem stefnandi hafði undir höndum þegar hann gerði tilboð sitt, er grunnteikning þar sem fram kemur stærð þeirrar byggingar sem gert var ráð fyrir að byggð yrði fyrir búnaðinn. Á teikningunni kemur, m.a. fram breidd þess rýmis sem ætlað var fyrir dreifiskápana, um 8200 mm og merkt 11 kV á teikningunni. Skápar þeir sem stefnandi bauð voru 9350 mm og komust því ekki fyrir í rýminu miðað við fyrirliggjandi teikningar. Hefur stefndi lagt fyrir dóminn teikningar sem sýna að það hefði þurft að byggja um 25 m² stærra hús að grunnfleti til að rúma búnað þann sem stefnandi lagði til grundvallar í tilboði sínu og það hefði haft í för með sér talsverðan viðbótarkostnað fyrir stefnda. Með vísan til þessa telur dómurinn að tilboð stefnanda hafi af þessum sökum ekki verið samanburðarhæft við önnur tilboð sem bárust í verkið og hafi ekki uppfyllt tæknilegar kröfur útboðsgagna. Að þessu virtu og með vísan til 12. gr. laga nr. 65/1993 og 2. mgr. í grein 0.4.9 í útboðsskilmálum stefnda er það niðurstaða dómsins að hafna beri kröfum stefnanda. Af framangreindri niðurstöðu dómsins leiðir að ekki kemur til skoðunar við úrlausn málsins hvort stefnandi hafi verið með hagstæðasta eða lágsta tilboðið í skilningi útboðsskilmálanna, sbr. 14. gr. laga nr. 65/1993 og grein 2.7.3 í íslenskum staðli ÍST 30:2012.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins að stefnda hafi verið heimilt, eins og atvikum var háttað, að hafna tilboði stefnanda og að ganga til samninga við Orkuvirki ehf. Er bótakröfu stefnanda á hendur stefnda vegna kostnaðar við útboðið og missis hagnaðar því hafnað.

Eftir þessum málsúrslitum, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ber stefnanda að greiða stefnda 1.800.000 króna í málskostnað.

Konráð Jónsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda.

Eleonora Bergþórsdóttir lögmaður flutti málið fyrir stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan, ásamt Hildi Briem héraðsdómara og Sæmundi E. Þorsteinssyni, lektor í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands.

Dómsorð:

Stefndi, Eimskip Íslandi ehf., er sýknaður af kröfum stefnanda, RST Nets ehf. Stefnanda ber að greiða stefnda 1.800.000 króna í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)

Hildur Briem (sign.)

Sæmundur E. Þorsteinsson (sign.)